



Foreldrafélag Hvaleyrarskóla

Starfsárið 2013 - 2014

Fundur: 6. fundur Foreldrafélags	Staður: Kennarastofa Hvaleyrarskóla	Dags: 17. mars	tími: 18:00 – 19:30
Mættir: Sveindís, Helga Veronica, Petrína, Helga Guðlaug og Guðrún Erla. Forföll: Íris, Ásbjörg, Margrét, Sigrún og Gísli.			
Dagskrá samkvæmt fundarboði: <ol style="list-style-type: none">FræðslumálFundur með eineltisteymiBöll og tímasetningarBókasafniðÖnnur mál			
1. Samstarf við Foreldraráð Hafnarfjarðar vegna fræðslu Fræðslufundur sem Foreldraráð Hafnarfjarðar heldur fyrir foreldra grunnskólabarna verður miðvikudaginn 26. mars. Sigga Dögg kynfræðingur og Blátt áfram eru með fræðslu. Fyrirlesturinn verður í Hásölum við Hafnarfjarðarkirkju og byrjar kl. 19:30.			
2. Fundur með eineltisteymi Fundur haldinn 1.apríl kl. 15. Viljum fá svör við nokkrum atriðum, m.a.: Breytingar í kjölfar Olweusaráætlunar á vinnubrögðum teymis – breyting verkferla ? Hvar er innleiðingin stödd ? Fjöldi mála milli ára ? Hverjir eru að tilkynna til teymis ? Ársskýrsla teymis ? Skráningar Misræmi í bæklingum Olweusaráætlunarinnar – finna það á ný! Upplýsingar til foreldra - lúsadæmið			
3. Böll og tímasetningar – framhald frá síðasta fundi Póstur frá Geir forvarnarfulltrúa varðandi böll og tímasetningar ræddur. Félagsmiðstöðvar hafa rætt málið og margir virðast hallast að því að færa tímann til kl.22.			
4. Bókasafnið Koma því í ferli að óska eftir bókum. Vantar bækur og þá helst nýlegar bækur og ýmis spil. Senda auglýsingar af stað og hafa einnig töskupóst fyrir 1. – 5. Bekk.			
5. Önnur mál <ul style="list-style-type: none">* Öskudagur ræddur – af hverju er ekki skemmtun í bænum fyrir krakkana? Samstarf hefur verið um að fyrirtæki byrji ekki að gefa nammi fyrr en eftir kl. 11:00.* Umræða um Samfés ball – alls kyns sögur varðandi ballið heyrast á hverju ári. Er þetta eitthvað til að hafa áhyggjur af?* Skólaráð – Sveindís og Helga Veronica sögðu frá skólaráðsfundi þar sem m.a. var rætt um skóladagatal næsta skólaárs, Skólamatur – fækkað hefur í áskrift. Skólamatur hefur áhuga á að funda með foreldrafélaginu.* Skiptingar í bekkjum. Rætt um þegar breytingar eru gerðar á bekkjum milli skólaára. Nú liggur fyrir að setja eigi 4. Bekk í tvo bekki en eru í dag þrír bekkir. Rætt um óvissu foreldra og barna gagnvart svona breytingum. Erú reglur t.d. varðandi stuðning barna í bekkjum og hvað mörg börn megi vera í hverjum bekk.			
Fundi slitið kl. 19:30			



Foreldrafélag Hvaleyrarskóla

Starfsárið 2013 - 2014